# Fundargerð

**519. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps**
**haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,**
**miðvikudaginn 25. júní 2025.**

**Fundinn sátu:**
Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson var fjarverandi en í staðin sat fundinn Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn klukkan 13.00.
Áður en við göngum til dagskrár vil ég í upphafi fundar geta þess að sveitarstjórn fundaði ekki í maí mánuði og ber ég sem oddviti nær alla ábyrgð á því. Annasamur mánuður til sveita, ákveðnir hnökrar í stjórnkerfi sveitarfélagsins og fleira urðu þess valdandi að svo fór sem fór. Slíkt er ekki til eftirbreytni, en engu að síður staðreynd sem ég biðst velvirðingar á. Samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins um stjórn og fundarsköp er sveitarstjórn heimilt að taka sér frí frá störfum í einn mánuð á ári og skal það að öllu jöfnu ákveðið af sveitarstjórn mótatkvæðalaust á næsta fundi þar áður. Gjarnan er horft til þess að það tímabil taki mið af sumarleyfistíma annarra stétta þjóðfélagsins, en ekkert sem segir að það megi ekki hliðra því til eftir aðstæðum hverju sinni.
Ég legg því til að sveitarstjórn nýti sér heimild samþykktanna og samþykki með mér að maí mánuður verði orlofstími sveitarstjórnar þetta árið. Því er einnig við að bæta að gert er ráð fyrir tveimur fundum sveitarstjórnar í júní, nú þegar boðuðum með dagskrá og síðan aftur fundi um miðjan júlí.
Þeir sem eru samþykkir þessari tillögu minni geri svo vel að gefa merki.
Tillagan samþykkt í einu hljóði.

Jafnframt leggur oddviti til að dagskráliður númer 15 Trúnaðarmál verði tekinn af dagskrá.
Tillagan samþykkt í einu hljóði.

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:**

1. 2506027 - Skólar Skaftárhrepps

   *Lögð fram skóladagatöl grunnskóla- og leikskóladeildar fyrir skólaárið 2025-2026 til staðfestingar.*

   **Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði framlögð skóladagatöl fyrir grunnskóla- og leikskóladeildar fyrir skólaárið 2025-2026.**

BHS
AGM Ah
SHJ JG

2. 2506025 - Ungmennaráð Skaftárhrepps

*Lögð fram skipan í Ungmennaráð Skaftárhrepps 2025 til 2026 til staðfestingar.*

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði framlagða skipan í Ungmennaráð Skaftárhrepps 2025 til 2026.**

3. 2506026 - Öldungaráð Skaftárhrepps

*Lögð fram samþykkt fyrir Öldungaráð Skaftárhrepps til staðfestingar.*

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði framlagða samþykkt fyrir Öldungaráð Skaftárhrepps.**

4. 2506028 - Skólaakstur 2025-2026

*Sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til hvort það eigi að bjóða út að nýju eða sameina leiðir í skólaakstri: Leið 1 Meðalland, Leið 2 Landbrot, Leið 4 Síða, Leið 6 Skaftártunga.*

**Sveitarstjórn samþykkir að sameina leiðir 1 og 2. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að auglýsa eftir bifreiðastjórum fyrir sameinaða leið Meðalland/Landbrot, leið 4 Síða og leið 6 Skaftártunga. skólaárið 2025 til 2026, þar sem allir verktakasamningar vegna skólaaksturs renna út vorið 2026.**

Auður Guðbjörnsdóttir og Björn Helgi Snorrason, véku af fundi undir þessum lið.

5. 2502026 - Félagsheimilið Kirkjuhvoll

*Lagður fram samningur um rekstur á Félagsheimilinu Kirkjuhvoli á milli Skaftárhrepps annars vegar og Rúnars Þorra Guðnasonar og Herdísar Huldar Guðveigardóttir hins vegar.*

**Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning um rekstur á Félagsheimilinu Kirkjuhvoli, er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.**

6. 2506009 - Kirkjugarðar Prestbakkasóknar

*Lagt fram bréf frá Kirkjugörðum Prestbakkasóknar, dagsett 5. júní 2025. Þar sem sótt er um kostnaðarþátttöku Skaftárhrepps í endurnýjun á framhlið á kirkjugarði Prestbakkakirkju.*

**Sveitarstjórn tók erindið til umfjöllunar, Kirkjugarðar Prestbakkasóknar sækja í raun um 5.611.000 kr. vegna viðhalds á girðingu við Prestbakkakirkjugarð. Sveitarstjórn frestar í einu hljóði afgreiðslu málsins til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2026. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir að afstaða stjórnar Kirkjugarða Prestbakkasóknar liggi fyrir í eftirfarandi atriðum. 1. Hver verður styrkur Jöfnunarsjóðs Kirkjugarða? 2. Vill stjórnin að sveitarfélagið yfirtaki viðhald á núverandi girðingu skv. Viðmidunarreglum Kirkjugarðsráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga?**

BHS
AKM
JG. SHJ AK

7. 2506018 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 9. maí 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Mörtungu slf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-D Gistiskáli. Staðsetning gististaðarins er Mörtunga 2.*

**Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

8. 2506019 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 6. maí 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Hrísnes ehf.. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-H frístundarhús. Staðsetning gististaðarins er Stóratorfa 2.*

**Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

9. 2506020 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 6. maí 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Hrísnes ehf.. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-H frístundarhús. Staðsetning gististaðarins er Stóratorfa 4.*

**Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

10. 2506021 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 6. maí 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Hrísnes ehf.. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-H frístundarhús. Staðsetning gististaðarins er Stóratorfa 5.*

**Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

11. 2506022 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 11. júní 2025, umsagnarbeiðni vegna tækifærisleyfis Skaftárhrepps. Sótt er um leyfi til að halda tónleika í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli 17. júní 2025 frá klukkan 20:00 til 21:30.*

**Sveitarstjórn samþykkti í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með rafrænum hætti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

BHS
AHM
SN
J.G. Ah

12. 2506034 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 20. júní 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Outhotels Hrífunesi ehf.. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV-B stærra gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Hrífunes 1B.*

**Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

13. 2506036 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 20. júní 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Outhotels Hrífunesi ehf.. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV-B stærra gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Hrífunes 1A.*

**Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

14. 2504019 - Starfsmannamál

*Rætt um skipun í stöðu aðstoðarskólastjóra (yfirmaður leikskóladeildar) til eins árs frá 1. ágúst næstkomandi að telja.*

**Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að ráða Dóru Esther Einarsdóttur í stöðu aðstoðarskólastjóra í eitt ár frá 1. ágúst 2025 að telja.**

15. 2506035 - Trúnaðarmál

**Þessi liður var tekinn af dagskrá.**

**Fundargerðir:**

16. 2505003F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 7

*Lögð fram fundargerð 7. fundar Skipulag- og umhverfisráðs frá 19. maí 2025.*

16.2 2410017 - Laki deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 7**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar fyrir liggur samþykkt aðalskipulag í B deild Stjórnartíðinda.

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

BHS
AGM
SM
JG. Ak

16.3 2503025 - Skógræktarsvæði

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 7**

Skipulags- og umhverfisráð leggst ekki gegn áformunum en bendir á að skógræktin þarf að skilgreinast sem skógræktarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Sækja þarf sérstaklega um það til sveitarfélagsins.

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

16.4 2403006 - Skaftárvellir 30-fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 7**

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið en bendir á að breyta þarf gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið en í dag er lóðin skilgreind sem parhúsalóð.

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

16.5 2502007 - Hrífunes-Breyting á fjárhúsi í gistihús, fyrirspurn um byggingaráform

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 7**

Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu og leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að vinna málið áfram með tilliti til þeirra umsagna er bárust við breytinguna. Enn fremur leggur ráðið til að svæðið verði skoðað í samhengi við aðliggjandi lóð vegna þeirra áforma sem þar eru fyrirhuguð og báðar lóðirnar verði skoðaðar í heild sinni varðandi aðkomu og bílastæði.

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

16.6 2502008 - Tjarnargígur deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 7**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þegar fyrir liggur samþykkt aðalskipulag í B deild Stjórnartíðinda.

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

17. 2506002F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 8

*Lögð fram fundargerð 8. fundar Skipulags- og umhverfisráðs frá 19. júní 2025.*

17.1 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 8**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til í einu hljóði, við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 32.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt skrá um flokkun vega í náttúru Íslands.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs. Sveinn Hreiðar Jensson, sat hjá við afgreiðslu málsins.**

BHS
AGM
J.G. SKI AG

17.2 2506031 - Íslög ehf.

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 8**

Erindið lagt fram til kynningar. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samráði við lögmann Skaftárhrepps.

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

18. 2506029 - Velferðarráð Skaftárhrepps

*Lögð fram fundargerð 8. fundar Velferðarráðs Skaftárhrepps frá 15. maí 2025.*

**Sveitarstjórn hefur þegar afgreitt dagskráliði 2, 7 og 11 hér að ofan að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.**

19. 2506004 - Félags- og skólaþjónusta R og V-S.

*Lögð fram fundargerð 90. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu frá 5. maí 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

20. 2506008 - Kirkjubæjarstofa

*Lögð fram fundargerð stjórnar Kirkjubæjarstofu, þekkingarseturs frá 19. febrúar 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

21. 2506014 - Skógasafn

*Lögð fram fundargerð aðalfundar Skógasafns frá 6. maí 2025 ásamt ársskýslu og ársreikningi 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

22. 2506015 - Skógasafn

*Lögð fram fundargerð safn stjórnar Skógarsafns frá 9. maí 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

23. 2506013 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

*Lögð fram fundargerð 244. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 2. maí 2025 ásamt breytingum á fjárhagsáætlun.*

**Sveitarstjórn staðfestir í einu hljóði fyrir sitt leyti breytingar á fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.**

24. 2506003 - Arnardrangur hses

*Lögð fram fundargerð 22. stjórnarfundar Arnardrangs hses. frá 7. apríl 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

BHS AGM SM Ah JG

25. 2506011 - Arnardrangur hses.

*Lögð fram fundargerð 23. stjórnarfundar Arnardrangs hses. frá 19. maí 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

26. 2506012 - Bergrisinn bs.

*Lögð fram fundargerð 84. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 25. apríl 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

27. 2506016 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

*Lögð fram fundargerð 621. fundar stjórnar SASS frá 4. apríl 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

28. 2506017 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

*Lögð fram fundargerð 622. fundar stjórnar SASS frá 9. maí 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

29. 2506023 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

*Lögð fram fundargerð 81. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

30. 2506024 - Samtök orkusveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 84. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 9. maí 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

31. 2506032 - Samtök orkusveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 85. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 19. maí 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

32. 2506033 - Samtök orkusveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 86. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 23. maí 2025.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

BHS
AGM
SV
JG. AL

Fundargerð yfirlesin

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 15:38

Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason

Arna Guðbjörg Matthíasdóttir

Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson